

Skýrsla Keppnisnefndar starfsárið 2017 – 2018

Í nefndinni sitja 7 aðilar Sigurður Ævarsson form, Hulda Gústafsdóttir ritari og sportfulltrúi Íslands, hjá FEIF, G Snorri Ólasson, Ágúst Hafsteinsson, Súsanna Sand Ólafsdóttir, Þórir Örn Grétarsson og Ólafur Þórisson. Þessi hópur kemur m.a úr stjórnnum beggja dómarafélaganna stjórn Félags Tamningamann FT og stjórn LH þetta er hópur með mjög breiða aðkomu að mótahaldi, keppni og dómstörfum, sem gerir alla vinnuna faglega og skemmtilega. Að mínu mati sérlega öflugur hópur og þakka ég þeim kærlega fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Á árinu eftir LH þing liggja alltaf fyrir mörg mál sem þarf að koma inn í reglupakkann, þessi mál eru misvel unnin frá þinginu og er oft ansi mikið torf að koma þessu heim og saman svo vel fari, en nýr reglupakki leit dagsinns ljós fyrir 1. apríl 2017 eins og venja er. Ný stofnuð laganefnd var okkur innnan handar og funduðum við með henni og fulltrúum stjórnar LH varðandi þær breytingar og viðbætur sem komu inn í reglurnar fyrir keppnistímabilið 2018 og var ákveðið að gefa út lausblöðung til að þurfa ekki að prenta allan pakkann, þetta sparar bæði mikla vinnu og fjármuni. Það er mjög gott að hafa aðgang að mönnum eins og þeim sem skipa laganefnd LH og þökkum við fyrir það.

Laganefnd vill láta bæta vinnubrögð við reglupakkann og tillögugerð fyrir þing sem er vel og væntum við mikils af þeirra vinnu við gerð og eftir atvikum endurritun á reglum. En eitt af okkar verkum er að fara yfir tillögur sem leggja á fyrir þing og veita þeim umsögn. Núna fyrir komandi þing eru þær frekar fáar miðað við oft áður en því miður ekki nóu vel unnar sumar hverjar.

Mikil gróska er í skeiðkappreiðum og er það vel. Mótshaldarar og dómara voru vel undirbúin varðandi að hafa alla þætti í kappreiðahaldinu í lagi enda féllu mörg met á árinu og fengust samþykkt athugasemdalaust.

Mótahald almennt er í blóma mikið af mótum og mikil þátttaka á nánast öllum sviðum mótahaldsinns, sem gekk heilt yfir mjög vel. Mjög gott Landsmót og mjög stórt og gott Íslandsmót haldið á sama stað en af sitthvorum aðilanum sem gefur fyrirheit um að við hestamenn viljum hafa hlutina í topp lagi og hesturinn og framgangur íþróttarinnar er í öndvegi.

Reglur um spjaldanotkun í keppni á hestum eru óskýrar, vinna er í gangi á vegum Feif og eru okkar fulltrúar virkir í því. Nefndin hefur verið ötul í að koma okkar málefnum á framfæri við Sportnefnd Feif og eru sér íslenskum reglum að fækka mikið í okkar pakka.

Nefndin sendi bréf til dómarafélagana sl. vor sem og vorið áður í framhaldi á umræðum sem voru á lh þingi haustið 2016 um að félögin skerptu á aga og siðareglum sínum og ýtreka að skýrsluskil verða að vera í lagi. Keppnisnefnd vill leggja sitt að mörkum ef efla mætti samstarf dómarafélagana um þessi brýnu mál og ekki væri óeðlilegt að samræma siðareglur og jafnvel vera með sameiginlega siða/aganefnd innan félagana. Allt samstarf nefnda félaga og hópa innan þessa geira er af hinu góða og fleitir okkur fram á veginn.

Keppnisnefnd er samkvæmt skipuriti ráðgefandi um framkvæmd reglna og erum við í miklu sambandi við bæði mótshaldara og keppendur yfir keppnistímabilið, ekki síst þegar úrtökur eru, við leggjum mikla áherslu á að farið sé eftir öllum reglum og að sami skilningur sé á útfærslu þeirra.

Trúverðugleiki allrar keppni byggist á að allir séu alltaf að keppa eftir sömu sanngjörnu reglunum. Mótshaldarar og dómara verða að vera mjög á verði gagnvart því að hvergi sé kvikað frá reglum og að skýrsluhald sé eins gott og best verður á kosið svo hægt sé að bæta utanumhaldið og laga það sem laga þarf

F h Keppnisnefndar

Siggi Ævarss